

SAMÞYKKT um hundahald í Garðahreppi

1. gr.

Hundahald er bannað í Garðahreppi.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum, búsettum í hreppnum, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem skal jafnan vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn skal renna til þess að standa strauum af kostnaði við eftirlit með hundum í hreppnum og skal upphæð þess við það miðuð. Hundar, sem notaðir eru við búrekstur í hreppnum, eru undanþegnir þessu gjaldi.
- c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa hreppsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um hreppinn fara, til óþæginda.
- f) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirætlum, sem heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Sé á höfuðborgarsvæðinu starfrækt hundageymsla, skal hundinum komið fyrir þar, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé hundageymsla ekki starfrækt á höfuðborgarsvæðinu eða sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Sveitarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Garðahrepps, staðfestist hér samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. ágúst 1973.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um embætti Húsameistara ríkisins.

1. gr.

Verksvið embættis húsameistara ríkisins, sem heyrir undir forsætisráðuneytið, sbr. 2. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, er tvíþætt. Í fyrsta lagi umsjá (viðhald, breytingar) með þeim opinberu byggingum, sem greindar eru í 2. gr. Í öðru lagi frumathugun og áætlunargerð (sbr. II. og III. kafla laga nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda) varðandi opinberar byggingar, eftir því sem um semst milli embættis húsameistara ríkisins og eignaðaraðila.

2. gr.

Þær opinberu byggingar, sem falla undir umsjá embættis húsameistara ríkisins, sbr. 1. gr., eru þessar:

Embættisbústaður forseta Íslands.

Gestahúsnaði ríkisins.

Alþingishús og hæstiréttur.

Skrifstofuhúsnaði stjórnarráðsins.

Safnahús í Reykjavík.

Þjóðleikhús.

3. gr.

Til þess að anna verkefnum skv. 1. og 2. gr. skal fast starfslið embættisins vera:

Húsameistari ríkisins.

3 arkitekta (yfirarkitekt og 2 deildararkitekta).

2 byggingartæknifræðingar.

1 innanhússarkitekt.

1 byggingaefirlitsmaður (byggingam.).

1 aðalbókari og gjaldkeri.

1 vélritunar- og símastúlka.

1 vélritunarstúlka.

4. gr.

Þegar um sérstök verkefni er að ræða, sem teiknistofu embættisins eru falin til úrlausnar, er heimilt að ráða tímabundna aukaaðstoð sérfræðinga að fengnu samþykki nefndar skv. lögum nr. 48/1958.

Forsætisráðuneytið, 16. ágúst 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Guðmundur Benediktsson.